

Föstudaginn 16. ágúst 1996.

Nr. 267/1996.

Nína Þórðardóttir

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

Steinari Guðmundssyni

(enginn)

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Stef nubirting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómamarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. júlí 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 15. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða 5. júní 1996, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila var vísað frá dómi, en sóknaraðili kveður sér ekki hafa orðið kunnugt um úrskurðinn fyrr en með bréfi héraðsdóms 20. þess mánaðar. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Vestfjarða 5. júní 1996.

Ár 1996, miðvikudaginn 5. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Vestfjarða, sem háð er í dómsal embættisins að Hafnarstræti 1, Ísafirði, af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. E-63/1996: Nína Þórðardóttir gegn Steinari Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 8. maí sl.

Málið höfðaði Nína Þórðardóttir, kt. 140242-2419, Hverfisgötu 49, Reykja-

vík, á hendur Steinari Guðmundssyni, kt. 110943-3269, til lögheimilis að Ólafstúni 2, Flateyri, með dvalarstað í sumarhúsi að Oddatúni, Flateyri, með stefnu, út gefinni 25. mars 1996, sem birt var í Lögbirtingablaði 29. s. m., en málið var þingfest og dómtekið 8. maí sl. á grundvelli útivistar stefnda.

Stefnandi gerir þær kröfur fyrir dómi, að greinar 4, 5, 6, 7 og 8 í „samningi um skilnaðarkjör vegna lögskilnaðar“ frá 29. mars 1995 milli stefnanda og stefnda, sem gerður hafi verið við lögskilnað málsaðila sama dag, verði með dómi lýstar ógildar og óskuldbindandi fyrir stefnanda. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

— — —

Niðurstaða.

Stefndi sótti ekki þing við þingfestingu máls þessa 8. maí síðastliðinn. Ber því samkvæmt 1. mgr. 96. gr. einkamálalaga að taka málið til dóms í þeim buningi, sem það var í við þingfestingu. Jafnframt verður málið dæmt eftir kröfum og málatilbúnaði stefnanda að því leyti, sem samrýmanlegt er fram komnum gögnum, nema gallar séu á málinu, sem varða frávísun þess án kröfu.

Af fram lögðum gögnum stefnanda verður ráðið, að stefndi hafi búið að Ólafstúni 2, Flateyri, frá því að leyfisbréf var gefið út til lögskilnaðar málsaðila 29. mars 1995 og þar til húseignin varð snjóflóði að bráð aðfaranótt 26. október 1996. Frá þeim tíma mun stefndi hafa búið í nálægu sumarhúsi að Oddatúni, s. st. Svo virðist sem stefnandi hafi ekki gert tilraun til að birta stefnu eftir almennum leiðum, en samkvæmt vottorði Pósts og síma á Flateyri, dagsettu 26. mars 1996, munu stefndi og fjölskylda hans daginn áður hafa farið til Reykjavíkur og ekki verið væntanleg aftur fyrr en eftir 30. s. m. Sökum þessa segir stefnandi, að sér hafi verið nauðsyn að birta stefnu í Lögbirtingablaði, áður en liðinn væri eins árs frestur samkvæmt 2. mgr. 95. gr. hjúskaparlaga til að höfða mál til ógildingar á fjárskiptasamningi aðila. Stefna var því birt í 38. tölublaði 89. árgangs Lögbirtingablaðs, sem út kom föstudaginn 29. mars 1996.

Stefndi var með þekkt lögheimili og fastan dvalarstað á Flateyri á þeim tíma, sem hér skiptir máli. Þá er ekki annað fram komið en hann hafi jafnframt stundað þar atvinnu. Var því ekkert því til fyrirstöðu, að stefna yrði birt með einhverjum þeim hætti, sem lýst er í 85. og 86. gr. einkamálalaga. Lagaheimild brast því til að birta stefnu í Lögbirtingablaði samkvæmt a-lið 1. mgr. 89. gr. téðra laga. Ber því að vísa málinu frá dómi án kröfu.

Dómari getur þess, að uppkvaðning úrskurðar hafi dregist sökum embættis-
anna.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi án kröfu.
